

og grafarvald og Hel, með sverðin sín
eg sigra, ef þú, drottinn, gætir mín.

Og sálu minni' á dánardegi lýs
frá dauðans myrkri inn í Paradís
þar skuggar hverfa, ljós hjá ljósi skín.
Í lífi' og dauða herra, gæt þú mín!



‘Hvort unir þú betur nóttinni eða deginum?’



Það virðist eins og frelsishreyfingarnar á Íslandi sé ekki allar á einn veg, eingöngu snertandi stjórnarfar landsins, þó mest beri á því máli, í heimanblöðunum, eins og eðlilegt er. Þar er önnur frelsishreyfing, er orðin er engu síður áberileg, snertandi stjórnarfar hugsana og trúar, einstaklinganna, og er það mál flutt af viturleik og heilum huga. Trúfrelsis og hugsanafrelsis mennirnir eru orðnir margir, og þegar talin eru nöfn þeirra, eru talin nöfn allra merkustu og beztu manna heima. Frelsisleitun í þjóðmálunum krefst frjálsrar rannsóknar í trúmálum. Svo hefir það jafnan gengið til, og er það eins á Íslandi nú og verið hefir annarstaðar um heiminn.

Fyrir hálfu öðru ári síðan, byrjaði „Nýtt Kyrkjublað“ að koma út. Það er hið valdboðna rit þjóðkyrkjunnar íslensku og er ekki hægt annað að segja en að það sé trúar og hugsana-
stefnu þjóðarinnar, leiðbeining í rétta átt. Síra Þórhallur Bjarnason er alkunnur trúfrelsisvinur, og er hann nú einn um Kyrkjublaðið síðan á nýári í vetur. Ritgjörðir hans allar bera ekki einungis vott um frjálslyndi hans sjálfs, heldur líka anda þann sem nú er orðinn ríkjandi í landi. Það hefir mátt líkja kyrkjunni íslensku við klukku, er hefir staðið, er stanzað hefir um dagrenningu og vísar sömu stundina þótt komið sé langt fram á dag, eftir öllum þeim guðfræðisritum að dæma sem til eru á prenti.